Revolut

Til að framfylgja litháískum lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti ber Revolut Bank UAB skylda til að fá samþykki þitt fyrir söfnun og varðveislu afrits af skilríkjunum þínum, ljósmyndar og/eða vídeós af myndinni af þér og upptöku af röddinni þinni til að:

- bera kennsl á þig
- staðfesta að þú hafir heimild til að nýta þjónustu Revolut

Hér fyrir neðan höfum við tekið saman ítarlegri upplýsingar um þetta ferli þér til hægðarauka.

| | |
|---|---|
| **Ábyrgt fyrirtæki:** | Revolut Bank UAB |
| **Gögn sem við kunnum að safna:** | - Afrit af persónuskilríkjunum sem þú leggur fram (t.d. vegabréfinu þínu)<br>- Vídeó og/eða ljósmynd af myndinni af þér<br>- Upptaka af röddinni þinni |
| **Viðeigandi lög:** | Lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í Lýðveldinu Litháen. |
| **Svona vinnum við úr gögnunum þínum:** | Við munum bera andlitsskönnunargögn sem fengin eru út frá myndinni á persónuskilríkjunum þínum saman við andlitsskönnunargögn sem fengin eru út frá vídeóinu eða ljósmyndinni af henni til að bera kennsl á þig og staðfesta að þér sé heimilt að nýta þjónustu Revolut.<br><br>Við munum nota raddgögnin þín til að staðfesta að þú sért raunveruleg manneskja og koma þannig í veg fyrir svik. |
| **Áhrif sem þetta hefur á þig:** | Við munum bera kennsl á þig og staðfesta að þú sért raunveruleg manneskja sem uppfyllir skilyrði fyrir notkun á þjónustu Revolut og gera þannig Revolut kleift að veita þér aðgang að þeirri fjármálavöru eða -þjónustu sem þú óskar eftir. |
| **Ástæða þess að við vinnum úr gögnunum þínum:** | Revolut vinnur úr gögnunum þínum til að staðfesta auðkenni þitt og koma í veg fyrir svik í samræmi við litháísk lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. |
| **Réttindi þín:** | Þú hefur rétt til þess að óska eftir aðgangi að, leiðréttingu á eða eyðingu gagnanna þinna eða flutningi þeirra og andmæla eða takmarka úrvinnslu þeirra með því að senda tölvupóst ádpo@revolut.com. |
| **Frekari upplýsingar:** | Persónuverndaryfirlýsing til viðskiptavina okkar inniheldur ítarlegar upplýsingar um hvernig Revolut safnar, notar, verndar og eyðir persónuupplýsingunum þínum. Þú:<br><br>- fékkst afrit af yfirlýsingunni þegar þú stofnaðir Revolut-reikninginn |

| | |
|---|---|
| | þinn<br><br>- getur nálgast yfirlýsinguna hvenær sem er í forriti eða á vefsvæði Revolut. |